HAFNARFJARÐARBÆR

Fundur um viðhaldsáætlun útisvæða íþróttafélaganna árið 2015

Mættir: Ingvar S. Jónsson, Guðjón Sverrisson, Birgir Jóhannsson (FH),Axel Guðmundsson(FH), Sverrir Þ. Sverrisson (H), Magnús Gunnarsson (H), Ólafur Þór Ágústsson (GK), Bjarni Þór Hannesson(GK) og Arnaldur F. Birgisson (GK) Svanlaugur Sveinsson.

Þetta gerðist:

1. Sláttur og viðhaldsáætlun 2015.

Lögð fram af fulltrúa Keilis sláttur og viðhaldsáætlun fyrir íþróttasvæði FH, Hauka og Hamarsvöll fyrir árið 2015 samkvæmt þjónustusamningi og rekstrarsamningum. Þar sem kemur fram hvenær áætlað er að gata, sanda, veita áburðargjöf, sá og slá velli íþróttasvæðanna. Aðgerðum verður hagað samkvæmt leikjaplani KSÍ. Vakin er athygli á háu verði á áburði, fræi og sandi, en því verður mætt með niðurskurði og hagræði í efniskaupum. Í ljósi þess verður að takmarka þessa þætti eins og aðstæður leyfa með sambærilegum hætti og í fyrra. Spurning er hvernig vellir koma undan löngum og hörðum vetri, en allt lítur betur út en í fyrra miða við eðlilegt framhald á vorkomunni.
Farið var yfir meðfylgjandi viðhaldsáætlun frá GK. og hún samþykkt.

2. Magntölur framkvæmdarþátta samkvæmt samningum.

Áburður : Korn 4-5x á velli.(GK afhendir efni jafnóðum samkv. reikningi)
Sáning : Fræ 1x á velli. (Keilir afhendir fræ jafnóðum samkvæmt reikningi)
Viðgerð : Fræ til viðgerða í samráði við garðyrkjustjóra.
Söndun : 1x á velli í samráði og umsjá garðyrkjustjóra.
Götun : 2x á velli. (Keilir sér um vatnsdjúpgötun og djúpgötun eftir samkomulagi)
Sláttur : Sláttardagar eru skipulagðir milli aðila og með tilliti til leikja (alls 28x3)

3. Samningar og fjárhagsáætlun 2015.

Fjarhagsáætlun 2015 gerir ráð fyrir óbreyttri upphæð samkvæmt samningum sem eru að fullu tengdir vísitölu og án skerðingar fyrri ára. Hagræðingarkrafan um reksturinn er enn í góðu gildi.
FH, Rekstarsamningur samkvæmt fjárahagsáætlun 2015, kr.11.857- + 4.764-
Haukar, Rekstur- og leiga samkvæmt fjárhagsáætlun 2015, kr.10.786- + 4.210-
Hamarsvöllur, Rekstraráætlun samkv. fjárhagsáætlun 2015 kr. 4.255-
Keilir, Þjónustusamningur samkvæmt samþykkt. kr. 10.500- + efni

4. Dagbækur.

Keilir mun halda utan um skráningar á verkþáttum við þjónustu sína á íþróttasvæðum með rafrænum hætti og veita upplýsingar um vinnu sína ef óskað er.

5. Knattspyrnuæfingasvæði á Hamarsvelli.

Lögð fram úthlutun til ÍBH á tímum á Hamarsvelli knattspyrnuæfingasvæði við Hvaleyrarvatn 2015, sem var samþykktar á fundi Íþrótta- og tómstundanefndar 30.03.2015. Búast má við aukinni notkun á vellinum fyrir úthlutaðan tím á daginn vegna verkframkvæmda á æfingasvæði FH í Kaplakrika í sumar. Horft er til þess að leysa með því vanda FH vegna æfinga yngri flokka þeirra.
Eftirlit og umsjón með svæðinu verður í höndum íþróttafulltrúa og garðyrkjustjóra. Umgengnisreglur um Hamarsvöll lagðar fram.

6. Önnur atriði.

- **Beiðnir um þjónustu** umfram ofantalið verða að fara til garðyrkjustjóra til samþykktar.
- **Kvartanir** um þjónustu Keilis berist til íþróttafulltrúa og garðyrkjustjóra.
- **Stærð grassvæða Kaplakrika, Ásvalla og Hamarsvallar, mæling**
- **Stærra viðhald** og endurbætur útisvæðanna er unnið í samstarfi við **Fasteignafélagið** eins og fyrr.
- **Viðhald á gervigrasvöllum,** verður samkvæmt samningi um viðhald á gervigrasvöllum íþróttafélaganna og opinna valla Hafnarfjarðarbæjar.

Hafnarfirði, 31. mars árið 2015 Ritað af Ingvari S. Jónssyni